

Nr. 4.
2.
febr

Lög

um

breytingu á opnu brjefi 29. maí 1839, um byggingarnefnd í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ákvæði það í opnu brjefi 29. dag maím. 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík, að ávallt skuli vera 10 álna svæði autt milli nágranna-húsa, skal úr lögum numið, að því er steinhús snertir; þó mega eigi vera gluggar, dyr nje önnur op á veggjum þeim er vita að annars manns lóð, nema því að eins að veggurinn sje að minnsta kosti 5 álnir frá lóðarmörkum. Að því er timburhús snertir skal nefnt ákvæði enn fremur rýmka þannig, að þau má reisa áföst hvert við annað 60 álnir í samfelli, ef hvert einstakt hús er greint frá næsta húsi með eldvarnargaffli, og byggingarnefndinni þykir að öðru leyti eigi slíkt viðsjárvert.

Eldvarnargaffl er hjer talinn veggur úr (tígul)-steini, einhlaðinn að minnsta kosti og oplaus, og taki 6 þumlunga að minnsta kosti upp yfir þakið.

2. gr.

Það skal hjer eptir bannað, að gjöra hús eða bæi af torfi, nema í úthverfum kaupstaðarins, og þó því að eins að byggingarnefndin veiti til þess samþykki.

3. gr.

Heimilt skal byggingarnefndinni, ef $\frac{2}{3}$ hlutar allra nefndarmanna samþykkja það, að banna þvílíkan ytri frágang á húsum og girðingum, er að byggingarnefndarinnar álitu lýtir eða óprýðir útlit bæjarins, og leggja fyrir þann, er á móti brýtur, að lagfæra það

Nr. 4. Lög 2. febrúar um breytingu á opnu brjefi 29. maí 1839, um byggingarnefnd í Reykjavík.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

om

Forandring i Plakat af 29de Maj 1839 betræffende en Bygningskommission i Reykjavik.

Nr. 4.
2den
Febr.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Benders og Gaters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Den Bestemmelse i Plakat af 29de Maj 1839 betræffende en Bygningskommission i Reykjavik, at der altid bør være et frit Rum paa 10 Alen mellem Nabohuse, ophæves for Stenbygningers Vedkommende; dog maa der i de mod anden Mands Grund vendende Mure ikke anbringes Vinduer, Døre eller andre Abninger, medmindre Muren er fjernet mindst 5 Alen fra Stellet til Nabogrunden. Ligeledes modificeres den nævnte Bestemmelse med Hensyn til Træbygninger derhen, at disse kunne opføres tæt op til hinanden i en sammenhængende Længde af 60 Alen, naar hver enkelt Bygning er adskilt fra Nabobygningen ved en Brandgavl, og Bygningskommissionen ikke iøvrigt finder Betænkelse ved en saadan Sammenbygning.

Ved Brandgavl forstaas her Mur af mindst een (Mur)-Stens Tykkelse, hvori der ikke er nogen Abning, og som rækker mindst 6 Tommer op over Taget.

§ 2.

Opførelse af nye Bygninger af Græstovr er herefter forbudt, undtagen i Købstadens Udkanter, hvor de dog kun tillades, naar Bygningskommissionen dertil giver sit Samtykke.

§ 3.

Bygningskommissionen bemyndiges til, naar $\frac{2}{3}$ af dens samtlige Medlemmer stemme derfor, at tage Beslutning om at forbyde saadan ydre Udstyrelse af Bygninger og Indhegninger, ved hvilken Byens Udseende efter Kommissionens Skøn vilde lide eller

Nr. 4. sem ábótavant þykir. Slíkum ákvæðum nefndarinnar getur hlutaðeigandi skotið undir
 2.
 febr. amtmann og leggur hann fullnaðarúrskurð á málið.

4. gr.

Nú reisir einhver nýtt hús eða gjörir verulegar breytingar á eldra húsi, og er hann þá skyldur til, þegar byggingarnefndin krefst þess, og áður en byrjað er á hússmíðinni eða breytingunni, að láta nefndinni í tje uppdrátt af húsinu, er ljóslega megi sjá af fyrirkomulag þess.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalúborg, 2. febrúar 1894.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

vanføres, samt at paalægge den, der maatte handle herimod, at raade Bod paa det i saa Nr. 4.
 Henseende mangelfulde. En saadan Beslutning kan af vedkommende indaendes til Amt= 2den
 manden til endelig Afgørelse. Febr.

§ 4.

Enhver, der opfører en ny eller gør væsentlige Forandringer ved en ældre Bygning, er pligtig paa Forlangende, forinden Opsørelsen eller Ombygningen paabegyndes, at tilstille Bygningskommissionen Plan over Bygningen, der tydelig fremstiller sammes Indretning.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 2den Februar 1894.

Ministeriet for Island, den 2den Februar 1894.

J. Nellemann.

Olafur Halldórsson.